

KJARASAMNINGUR
milli
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
og
Orkuveitu Reykjavíkur

Samningur þessi er tvíþættur, annars vegar aðfararsamningur sem kveður á um framlengingu gildandi kjarasamnings til 22. júní 2011 og hins vegar kjarasamningur sem gildir frá 22. júní 2011, með þeim fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

Aðfarasamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

Kjarasamningur frá 22. júní 2011

1. gr.

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um þennan samning og falla þá öll ákvæði hans úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

2. gr.

Laun hækka sem hér segir:

- | | |
|------------|--------|
| 1.6. 2011: | 4,25%. |
| 1.2. 2012: | 3,5%. |
| 1.2. 2013: | 3,25%. |

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 59.600.

Á árinu 2012 kr. 61.600.

Á árinu 2013 kr. 63.600.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 28.700.

C. M. S.

BMC
JH *D*
AKS